



**Varðandi:** Fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar  
**Málsnúmer:** 1606079  
**Dagsetning:** 17. október 2016

---

#### **TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir endurskoðaða verk- og tímaáætlun vegna fjárhagsáætlunargerðar Akraneskaupstaðar 2017 (2018 – 2020).

Jafnframt samþykkir bæjarráð forsendur fjárhagsáætlunarinnar sem felur m.a. í sér hækkun launavísitölu um 6,3% og neysluverðsvísitölu til verðtryggingar um 3,2% miðað við samþykktu fjárhagsáætlun ársins 2016 með viðaukum.

---

#### **GREINARGERÐ:**

Verk- og tímaáætlun vegna fjárhagsáætlunargerðar Akraneskaupstaðar hefur verið í endurskoðun m.a. með hliðsjón af sérfræðiaðstoð KPMG. Nauðsynlegt er að uppfæra áætlunina núna miðað við lokaáfangu vinnunnar og til samræmis við breytingar sem orðið hafa á dagsetningum funda fagráða.

Gert er ráð fyrir aukafundi bæjarráðs miðvikudaginn 2. nóvember og að bæjarstjórn ljúki fyrri umræðu um fjárhagsáætlunina þriðjudaginn 8. nóvember næstkomandi. Frá þeim tímapunkti og til mánaðamóta nóvember/desember er síðan gert ráð fyrir að forstöðumenn og sviðsstjórar rýni vel frumvarpið vel og koma með ábendingar á fundi með bæjarstjóra. Jafnframt er gert ráð fyrir að sviðsstjórar haldi fagráðum vel upplýstum um stöðu fjárhagsvinnunnar í þeim málaflokkum sem undir þau falla.

Í forsendum fjárhagsáætlunar 2017 er gert ráð fyrir hækkun launa um 6,3% og hækkun neysluverðsvísitölu til verðtryggingar um 3,2% frá samþykktu fjárhagsáætlun ársins 2016. Þessar forsendur eru byggðar á þeim vegvísnum sem komið hafa fram frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 30. ágúst og 10. október en þær forsendur taka m.a. mið af Þjóðhagsspá



## Akraneskaupstaður

Hagstofu Íslands, Peningamálum Seðlabanka Íslands, hagdeildum bankanna og Hagdeild ASÍ frá því í haust. Ný þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er væntanleg í nóvember næstkomandi en ekki er reiknað með breyting verði á þeim forsendum sem settar hafa verið fram.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi kynningar bæjarstjóra og skjala frá stjórnslu- og fjármálasviði.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.

Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri